

Sp.

268. Tillaga til þingsályktunar

[195. mál]

um menningar- og fræðasetur á Skriðuklaustri.

Flm.: Helgi Seljan, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að minnst þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu Gunnars Gunnarssonar skálds 1989 með því að gera Skriðuklaustur, gjöf skáldsins til íslenska ríkisins, að menningar- og fræðasetri, gríða- og vinnustað listamanna og vísindamanna.

Samstarf verði haft við heimaaðila, félagasamtök lista- og vísindamanna og afkomendur skáldsins um framkvæmd þessa svo að tryggt verði að aldarafmælis skáldsins verði minnst á veglegan og verðugan hátt.

Greinargerð.

Flm. telja mikla nauðsyn á því að minningu þessa mesta skálds Austfirðinga verði á loft haldið á verðugan hátt á aldarafmæli hans 1989.

Gunnar Gunnarsson gaf á sínum tíma íslenska ríkinu Skriðuklaustur og fylgdi því það eina skilyrði að þar yrði menningarstarfsemi rekin af reisn og þrótti, að þar yrði sannkallað menningar- og fræðasetur.

Vissulega hefur merkileg starfsemi í þágu íslensks landbúnaðar farið fram um langt skeið á Skriðuklaustri og ekki draga flutningsmenn úr mikilvægi þess. Sömuleiðis hafa ákveðnir samningar verið gerðir um byggingu safnahúss á Egilsstöðum sem óumdeilanlega er tengt Skriðuklaustri og gjöf skáldsins.

Hins vegar er Skriðuklaustur ekki nú það fræðasetur, sá gríða- og vinnustaður listamanna og vísindamanna, sem skáldið hugsaði sér. Að öðru leyti skal ekki um þetta fjallað af hálfu flutningsmanna í greinargerð en flutningsmenn láta hér fylgja með eftirfarandi álitserð sem þeir taka undir í flestum atriðum.

Álitsgerð.

1. Í tilefni af aldarafmæli Gunnars Gunnarssonar skálds þann 18. maí 1989 leggjum við til að komið verði á fót fræðasetri (fræðastofnun) á Skriðuklaustri í Fljótsdal þar sem Gunnar átti heima á árunum 1939–1948 og byggði hið sérkennilega hús sem þar stendur.

Þegar Gunnar flutti burtu haustið 1948 ánafnaði hann íslenska ríkinu húsið og jörðina með þeim skilyrðum að þar yrði haldið uppi einhvers konar menningarstarfsemi. Síðan hefur Tilraunastöð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins haft þar aðsetur, einnig var hluti af Byggðasafni Austurlands þar um tíma, og þar hefur (af og til) verið laus íbúð sem ætluð er fræði- eða listamönnum til dvalar. Sú aðstaða hefur þó lítið verið notuð enda vantar þar flest önnur skilyrði til að hægt sé að stunda þar fræði eða listir svo sem bókasafn.

Með stofnun fræðasetursins yrði reynt að bæta úr þessari vöntun um leið og staðnum er fengið ákveðið framtíðarhlutverk og Gunnars minnst á viðeigandi hátt. Er svo til ætlast að lífsviðhorf (eða heimspeki) Gunnars, sem birtist í skáldverkum hans og öðrum ritum, verði haft að leiðarljósi við alla starfsemi fræðasetursins.

2. **Hlutverk** fræðasetursins á Skriðuklaustri verði að öðru leyti almenn þekkingaröflun um mannlíf, menningu og náttúrufræði á Austurlandi, þar með talið saga landshlutans, þjóðhættir, þjóðtrú, örnefni, bókmenntir og listir. Sérstök áhersla skal lögð á samskipti mannlífs og náttúru í ljósi sögunnar og með raunhæfa framtíðarskipun þeirra mála fyrir augum.

Fræðasetrið skal leitast við að safna öllum skrifuðum og prentuðum heimildum er varða ofangreind fræði austanlands og koma upp sem fullkornustu bókasafni.

Einnig má gera ráð fyrir að fræðasetrið annist útgáfu á fræðiritum er tímar líða fram, t.d. framhaldi safnrítsins Austurlands.

3. **Stofnun** fræðasetursins á Skriðuklaustri hugsum við okkur að geti farið fram á þann veg að ættingjum Gunnars skálds og öðrum áhugamönnum verði boðið að gerast stofnfélagar setursins með því að leggja fram gjafir (stofnframlög) í formi bóka, handrita eða annarra fræðilegra gagna, rannsókn- og skrifstofutækja, listaverka eða annarra muna er að gagni mega koma við uppbyggingu setursins. Einnig geti menn lagt fram stofnframlög í peningum er miðist við lágmarksupphæð. (Þess má geta að nokkur slík tilboð hafa þegar borist okkur).

Til þess er ætlast að íslenska ríkið leggi fræðasetrinu til húsnæði, þ.e. íbúðarhús það sem Gunnar lét byggja á Skriðuklaustri (Gunnarshús). Verði það afhent setrinu til fullra umræða á aldarafmæli Gunnars vorið 1989 í því ástandi sem best verður talið henta umræddri starfsemi án þess þó að gera á því teljandi breytingar. Húsinu fylgi lóð eða landskiki er miðist við að skapa húsinu eðlilegt og fagurt umhverfi, t.d. með trjáplöntum eða annarri ræktun. (Um rekstur hússins verði annars gerður sérstakur samningur milli aðila).

4. **Tilraunastöð landbúnaðarins**, sem nú er rekin á Skriðuklaustri, áætluð við að geti á ýmsan hátt tengt fræðasetrinu eða jafnvel fallið undir starfsemi þess er tímar líða fram. Þetta er þó undir því komið hvort hægt verður að fá stöðinni afmarkaðra hlutverk, í samræmi við stefnu fræðasetursins, og gera hana óháðari höfuðstöðvunum í Reykjavík. Nefna má hreindýrarannsóknir sem dæmi um verkefni sem vel mundu henta stöðinni og rannsóknir á annarri beitarnýtingu heiða og öræfa við Fljótsdal og Jökuldal, m. a. með tilliti til hugsanlegra virkjunarframkvæmda. Skógræktarbúskapur og aðrar nýjar leiðir í búskap gætu og verið á verkefnaskránni og síðast en ekki síst könnun á möguleikum heimaafلابúskapar hér á landi.

Þess má geta að veðurfar og loftslag er óvíða hentugra hérlendis til hvers konar útiræktunar en á Skriðuklaustri enda er talið að ræktunartilraunir hafi byrjað þar um 1650 í umsjá Gísla Magnússonar (Vísu-Gísla) sýslumanns.

5. **Varðandi rekstur og stjórnskipun** fræðasetursins höfum við hugsað okkur að það verði sjálfseignarstofnun eða sameign sveitarfélaga (héraðsfélaga?) og ríkisins. Stjórn setursins verði skipuð 5-7 mönnum sem viðkomandi rekstraraðilar útnefna og ættu þeir að vera búsettir á Austurlandi.

Nauðsynlegt er að tengja fræðasetrið **Safnastofnun** Austurlands þótt ekki sé hér um venjulegt safn að ræða. Gunnarshús hefur töluvert safnagildi, svo og bókasafnið, og á rannsóknasviðinu skarast hlutverk setursins við verkefni skjalasafnsins og minjasafnsins (Byggðasafnsins) á Egilsstöðum, svo og Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað. Þessi tengsl geta verið með ýmsu móti.

6. **Rekstrartekjur** fræðasetursins gætu orðið: a. Ríkisstyrkur skv. fjárlögum hvers árs. b. Árlegt framlag sveitarfélaga sem standa að rekstrinum (e.t.v. í gegnum Samband austfirskra sveitarfélaga). d. Rannsóknastyrkir og aðrir styrkir.

7. Þar sem starfslið hlýtur fyrst um sinn að vera mjög takmarkað á fræðasetrinu verður uppbygging þess og starfsemi að miðast einkum við það að skapa fræðimönnum **aðstöðu til dvalar og rannsókna**.

Eins og þegar hefur komið fram er vandað og vel skipulagt bókasafn undirstaða allrar fræðastarfsemi, svo og ljósritun handrita og annarra gagna er snerta viðkomandi svið. Leitast skal við að koma upp sérstökum **vinnustofum** í setrinu fyrir ákveðnar fræðigreinar er einkum hafa verið stundaðar á Austurlandi, svo sem þjóðsagnastofu er vel mætti kenna við þjóðsagnasafnarann mikla, Sigfús Sigfússon.

Þá skal fræðasetrið jafnan hafa til reiðu a.m.k. eina meðalstóra íbúð fyrir fræðimenn og fjölskyldur þeirra sem dvelja vilja á staðnum um nokkurra mánaða eða ára skeið, svo og 2-3 einstaklingsherbergi fyrir slíka gesti.

8. **Fræðasetrinu** á Klaustri er ætlað að bæta úr brýnni þörf landshlutans (Austurlands) fyrir aðstöðu til fræðilegrar iðkunar sem heita má að sé hvergi fyrir hendi nú sem stendur þótt nokkur vísir sé að slíku í skjalasafninu á Egilsstöðum. Nær allar rannsóknir og aðrar fræðiiðkanir, sem við koma Austurlandi, verða því að fara fram í öðrum landshlutum, aðallega í Reykjavík þar sem þær skapa fólki vinnu og gefa ýmsan annan afrakstur. Hins vegar hafa Austfirðingar lítil sem engin áhrif á framkvæmd þeirra og má kallast gott ef þeir fá einhvern tíma að sjá niðurstöður.

Sjálfstæði landshlutanna í rannsóknum og fræðum, er varða þeirra eigin mannlíf eða náttúru, hlýtur að vera keppikefli, enda stór þáttur í almennu sjálfstæði nú á tímum, auk þess sem allt fræðastarf skapar ný atvinnutækifæri og er því ekki ómerkur þáttur í margumtöluðu jafnvægi í byggð landsins.

9. Eigi umrædd stofnun að koma til framkvæmda á aldarafmæli Gunnars Gunnarssonar vorið 1989 verður þegar að hefja **undirbúning** að henni. Við leggjum því til að Austlendingar, hvort sem þeir eru búsettir heima í landshlutanum eða í öðrum héruðum, sameinist um uppbyggingu fræðaseturs á Skriðuklaustri, þeim sögufræga stað í hjarta fjórðungsins, og minnist þannig á videigandi hátt mannsins, sem hæst hefur borið hróður Austurlands og lengst út fyrir landsteinana.

Gert á Akureyri, á allraheilagramessu 1985.
Helgi Hallgrímsson.
Pórarinn Lárusson.

Við þessa ítarlegu greinargerð þeirra félaga hafa flutningsmenn engu við að bæta á þessu stigi en munu gera nánari grein fyrir málinu í framsögu og umræðum um það.

Nú þegar talað er um nauðsyn þess að varðveita móðurmálið og efla varðstöðu um íslenskt mál minna flutningsmenn á að í þeirri sókn hljóta að fara í fremstu röð rithöfundar þeir og listamenn sem eiga framvegis að eiga gridastað á Skriðuklaustri til starfa í anda þess mikla skáldjöfurs sem á Skriðuklaustri bjó heimkominn og gaf þessa góðu eign íslenska ríkinu til ávöxtunar — á sviði lista og vísinda framar öllu öðru.

Ekkert gæti frekar verið til að halda ágætri minningu Gunnars Gunnarssonar enn betur á lofti en slíkt hlutverk Skriðuklausturs sem hér er lagt til. Þjóðin stendur öll í þakkarskuld við skáldið fyrir þau stórvirki andans sem hann færði okkur að gjöf. Þá þakkarskuld ber að gjalda.